



Staða ríkisfjármála áfram erfið

Mikil umræða um ríkisfjármálin

Að undanfögnu hefur mikil umræða farið fram um ríkisfjármálin og meinta framúrkeyrslu ýmissa stofnana í því sambandi. Eins og jafnan vill verða beinist fókusinn að þeim stofnunum sem ekki eru talin standa við sitt en minna að hinum sem virðast hafa allt sitt á hreinu.

Ekki nóg að samþykka hallalaust frumvarp

Ríkisstjórnin hefur lagt mikla áherslu á að eyða halla í rekstri ríkisins. En eins og margoft hefur verið bent á í Hagsjám Hagfræðideildar er ekki hægt að tryggja árangur í ríkisfjármálum með því að skila hallalausum fjárlagafrumvarpi. Saga undanfarinna ára sýnir að leiðin frá frumvarpi til fjárlaga, til fjárukalaga til ríkisreiknings er þyrnum stráð og munurinn á samþykktum fjárlögum og endanlegri niðurstöðu í ríkisreikningi hefur verið verulega mikill á undanfögnu árum.


Misræmi í umræðu um rekstur núverandi árs

Samkvæmt upplýsingum um greiðsluafkomu ríkisins á miðju ári virðist staðan vera nokkuð góð fyrir núverandi rekstrarár. Þannig snerist tekjujöfnuður úr því að vera neikvæður um 16,7 ma.kr. í fyrra í að vera jákvæður um 13,3 ma.kr. núna um mitt ár. Reyndar ber að hafa í huga að þarna hafa einskíptisaðgerðir eins og arðgreiðslur frá Landsbankanum upp á tæpa 20 ma.kr. veruleg áhrif og þá hafa innheimtar tekjur aukist meira en greidd gjöld. Greiðsluafkoma er heldur ekki alveg það sama og niðurstaða rekstrar en engu að síður virðist greiðsluafkoman vera í dálitlu ósamræmi við þá umræðu um umframeyðslu sem nú á sér stað.

Ríkisreikningur 2013 ekki kominn fram


Ríkisreikningur fyrir árið 2013 hefur ekki enn verið birtur og er nú mun seinna á ferðinni en undanfarin ár. Það er óhætt að slá því föstu að niðurstaðan hans verði á svipuðum nótum og síðustu ár og sýni einu sinni enn hve erfitt það er að ná þeim markmiðum í ríkisfjármálum sem stefnt er að. Saga ársins 2013 hvað ríkisfjármálin varðar er álíka dapurleg og saga

Tekjujöfnuður í fjárreiðum ríkisins



Heimild: Fjársýsla ríkisins, Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Greiðslustaða ríkisins á miðju ári



Heimild: Fjármála- og efnahagsráðuneytið



allra síðustu ára. Lagt var af stað með 2,8 ma. kr. halla í fjárlagafrumvarpi, niðurstaða fjárlaga var halli upp á 3,7 ma.kr. og við afgreiðslu fjárukalaga fór hallinn í 19,7 ma. kr. Samkvæmt upplýsingum sem komu fram í tengslum við samþykkt fjárukalaga reikna stjórnvöld með að endanleg niðurstaða í ríkisreikningi verði um 25 ma.kr. halli, en hann gæti þó orðið mun meiri, t.d. ef fjárframlög til Íbúðalánasjóðs verða gjaldfærð.

Þörf er á mun meiri festu ...


Þrátt fyrir mikið starf og mikla umræðu um umbætur í ríkisfjármálum virðist svo sem innbyggður slaki sé sífellt til staðar í kerfinu. Í umfjöllun Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga í fyrra kom fram sú skoðun stofnunarinnar að agi við framkvæmd fjárlaga hefði farið minnkandi og að hækkanir á fjárheimildum eftir samþykkt fjárlaga séu of miklar. Skuldasöfnun vegna halla á rekstri ríkissjóðs hefur verið um 350 ma. kr. frá árinu 2008 og frá árinu 1992 hefur nær undantekningalaust verið vikið frá upphaflegum ákvörðunum ríkisstjórnar um útgjaldaramma í fjárlagaferlinu. Það virðist hafa verið allt að því ófrávikjanleg regla að útgjöld hafi aukist frá því sem gert er ráð fyrir í fjárlögum. Sá útgjaldauki nemur 12% að meðaltali undanfarin 10 ár.

... og líka vandaðri áætlunum


Það virðist að sama skapi nokkuð ljóst að áætlanir við fjárlagagerðina sjálfa eru oft ómarkvissar. Þannig segir Ríkisendurskoðun í nýlegu riti sínu um ársáætlanir stofnana 2014 að fjárlagagerðin virðist stundum ekki taka nægjanlega mikið tillit til atriða sem ættu að vera vel fyrirsjáanleg. Ríkisendurskoðun nefnir dæmi um embætti ríkissáttasemjara þar sem kostnaður var vanáætlaður í síðustu fjárlögum þegar öllum mátti vera ljóst að álagið þar myndi aukast verulega þegar nær allir kjarasamningar í landinu voru lausir. Þá bendir ríkisendurskoðun einnig á að sumir fjárlagaliðir séu iðulega vanáætlaðir í fjárlögum eins og t.d. málskostnaður í opinberum málum.

Fjárlögin þurfa að hafa meiri vigt

Þörf er á miklum endurbótum við framkvæmd ríkisfjármála. Fyrir liggur að vinna hefur farið fram við lagasmíð um nýja umgjörð þessara mála, en það er einnig augljóslega þörf á meiri aga á öllum



Heimild: Fjársýsla ríkisins, Fjármála- og efnahagsráðuneytið



Heimild: Fjárlög 2013, Fjárukalög 2013, Hagfræðideild




sviðum. Það er tiltölulega auðvelt að taka ekki mikið mark á fjárlögnum sjálfum þegar öllum er ljóst að áætlunargerðinni sjálfri er ábótavant á mögnum sviðum. Tilsvör forráðamanna Landspítala og Sjúkratrygginga við meintum framúrkeyslum þessara stofnana beinast líka í þessa átt. Svörin eru í þeim anda að öllum hefði mátt vera ljóst að þessi staða kæmi upp þar sem vanáætlað hefði verið til þessara stofnana í fjárlögum. Þessi staða er svo aftur staðfesting á því að það er langt frá því að árangur náist í ríkisfjármálum með góðum markmiðum stjórnvalda og hallalausum fjárlögum, það er framkvæmdin sjálf innan stofnananna sem skiptir mestu máli auk þess sem áætlanagerðin þarf að vera raunhæf.

Nú heyrast umvandanir stjórnálaganna í garð stjórnenda ríkisstofnana um að þeir standi sig ekki og eigi að taka pokann sinn. Að sama skapi er hægt að halda því fram að forstöðumönnum sé að einhverju leyti erfitt að vinna innan ramma fjárlaga vegna vanáætlana sem allir ættu að þekkja.

Staðan er grafalvarleg

Staða ríkissjóðs er grafalvarleg, skuldir eru miklar og vaxtakostnaður verulegur. Þá bíða fleiri stór vandamál handan við hornið eins og staða Íbúðalánasjóðs og ófjármagnaðar lífeyrisskuldbindingar. Það er augljóslega eitt af brýnustu verkefnum íslensks efnahagslífs að tókum verði náð á ríkisfjármálunum og skuldahalinn stytur.

Vaxtatekjur og -gjöld ríkisins



Heimild: Fjársýsla ríkisins, Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraeideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.